



Vefrit samgönguráðuneytis
1. útgáfa júní 2004



Samferd.is

Ávarp samgönguráðherra

Upplýsingaflæði frá ráðuneytum og stofnunum hins opinbera hefur aldrei verið meira en í dag. Fellur það vel að kröfum samtímans um upplýsingasamfélag. Á undanförunum vikum hefur mikið verið rætt um lagaumhverfi fjölmiðla hér á landi. Umræðan undirstrikar mikilvægi þess að upplýsingar, um hvað er að gerast í ráðuneytum og stofnunum hverju sinni, séu almenningi aðgengilegar.



STURLA
BÖÐVARSSON

Markmiðið með útgáfu þessa vefrits er að stuðla að betra upplýsingastreymi og auknum skoðanaskiptum á almennum vettvangi um þau margvíslegu málefni sem snúa að starfssviði samgönguráðuneytisins og um leið koma sjónarmiðum þess á framfæri. Vefritið mun fjalla um þau mál, sem eru efst á baugi hverju sinni í samgönguráðuneytinu. Hvert rit mun hafa megin viðfangsefni þar sem lögð er áhersla á einn málaflokk ráðuneytisins.

Af mörgu er að taka þegar kemur að málaflokkum sem samgönguráðuneytið er í forystu fyrir. Samkvæmt lögum felur ráðuneytið Vegagerðinni framkvæmd vegamála og Flugmálastjórn framkvæmd flugmála. Siglingamálin eru unnin hjá Siglingastofnun, ferðamálin hjá Ferðamálaráði, umferðarmálin hjá Umferðarstofu, póst- og fjarskiptamálin hjá Póst- og fjarskiptastofnun auk rannsóknarnefnda flug-, sjó- og umferðarslysa. Af þessari upptalningu má ljóst vera að verkefni eru fjölbreytt. Það er von mín að þeir sem vefritið lesa megi njóta þess og það færi fróðleik. Eins vona ég að starfsfólki samgönguráðuneytisins takist að bjóða upp á áhugavert, aðgengilegt og fjölbreytt vefrit.

Umferðaröryggismál:


Bætt umferðaröryggi

Samgönguráðuneytið tók við stjórnslu umferðaröryggismála 1. janúar 2004. Margar stofnanir og nefndir koma að þessum málaflokki og því er eðlilegt að staldrað sé við og skoðað með hvaða hætti megi auka árangur í starfi, greina ábyrgð og verkaskiptingu. Á mynd 1 má sjá nýja skipan umferðaröryggismála eftir að samgönguráðherra tók við þeim málaflokki.

Grunnverkefni umferðaröryggismála eru umferðareftirlit, eftirlit með búnaði ökutækja, gerð umferðarmannvirkja, umferðarkennsla og rannsóknir. Með nýju skipulagi er verkaskipting og ábyrgð ljós.

Samgönguráðherra hefur sett fram stefnumarkandi viðfangsefni í umferðaröryggismálum sem m.a. komu fram í [ræðu hans](#) á alþjóðaumferðar-

Skipan umferðaröryggismála



Mynd 1


Skipuritið tekur nokkuð mið af þeim málaflokkum sem samgönguráðuneytið hefur beint boðvald yfir en auk þess gegnir löggæsla, sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið, stóru hlutverki í umferðaröryggismálum líkt og sýnt er með brotinni línu í skipuritinu. Lögð er áhersla á mikið og gott samstarf við hagsmunaaðila sem fer fram í gegnum Umferðaráð. Málaflokkar fleiri ráðuneyta og stofnana tengjast umferðaröryggismálum en lögð verður áhersla á að leita eftir liðsinni þeirra við vinnslu og framkvæmd umferðaröryggisáætlunar eftir þörfum.

öryggisdaginn þann 7. apríl síðastliðinn. Hér verður sagt frá alvarlegasta málefni, fjölda látinna í umferðinni.

Markmið

Alvarlega slösuðum í umferð hefur fækkað, þrátt fyrir vaxandi umferð. Dauðsföllum á vegum í dreifbýli hefur hins vegar fjölgað síðustu ár. Allra leiða verður að leita til að stöðva þá þróun og snúa henni við með öllum tiltækum ráðum. Í þeim löndum sem fremst standa í umferðaröryggi, Bretlandi og Svíþjóð, látast um það bil sex af hverjum 100.000

Látirnir í umferð í þéttbýli og dreifbýli



ökumanna og innleiða í fyrsta skipti á Íslandi aksturskennslu í ökugerði.

Þjálfun ungra ökunema í ökugerði er skylda í nágrannalöndum okkar. Í upphafi var þar lögð áhersla á að þjálfva nemendur í akstri við erfiðar aðstæður, svo sem í hálfku, en fram komu vísendingar um að slík þjálfun leiddi til ofmats nemenda á eigin getu til að bregðast við hættulegum aðstæðum. Í Svíþjóð var kennsluefni breytt árið 1999 og áhersla lögð á aðrar þjálfunaraðferðir. Nú er miðað við að nemendur fái tækifæri til að upplifa hættulegar aðstæður í vernduðu umhverfi ökugerðis og öðlist þannig innsýn í áhættuna sem fylgir of hröðum akstri.

Íbúum í umferðinni á ári. Þessi lönd eru í farabroddi þó aðferðir þeirra í umferðaröryggismálum séu um sumt ólíkar.

Í fámennu landi eins og Íslandi er töluverður breytileiki á fjölda látinna í umferð frá einu ári til annars. Með því að skoða meðaltöl þriggja ára má þó sjá að níu til tíu af hverjum 100.000 íbúum látast í umferðinni á ári hverju. Um miðjan síðasta áratug létust þó ekki fleiri hér en í þeim löndum sem bestum árangri ná í heiminum, en neikvæð þróun á vegum í dreifbýli hefur dregið úr árangri.


Hagsmunaaðilar í samgöngum og umferðaröryggi hafa bent á þessa neikvæðu þróun og hefur samgönguráðuneytið einsett sér að fjöldi látinna í umferð, af hverjum 100.000 íbúum, verði ekki yfir því sem lægst gerist í heiminum áður en áratugurinn er liðinn.

Verkefni á döfnni

Vinnuhópur skipaður fulltrúum Vega-gerðar, Ríkislögreglustjóra, Umferðarstofu, Umferðarráðs og samgönguráðuneytis mun í sumar endurskoða umferðaröryggisáætlun og forgangsraða aðgerðum. Lögð verður áhersla á þá þætti sem tengjast umferðaröryggi á vegum utan þéttbýlis.

Hlutdeild ungra ökumanna í umferðarslysum er meiri en annarra ökumanna. Með þetta í huga hefur samgönguráðherra ákveðið að leggja áherslu á kennslu ungra

Íslenskt vegakerfi er stórt og því er tímafrekt og kostnaðarsamt fyrir lögreglu að halda uppi eftirliti með hraða. Hraðakstur er algengasta orsök banaslysa í umferðinni og var of mikill ökuhraði aðalorsök í 27% tilvika á Íslandi á árunum 1998 til 2002. Ný tækni við hraðaeftirlit hefur gefið mjög góða raun í Frakklandi og víðar og nú er komið að því að kanna möguleika á innleiðingu slíkrar tækni í okkar vegakerfi. Samgönguráðuneytið er að undirbúa þetta mikilvæga mál og mun hafa samráð við Ríkislögreglustjóra og Vegagerðina á þessu ári.



Vefrit samgönguráðuneytis. 1. tbl. - Júní 2004.

Ábm: Ragnhildur Hjaltadóttir
Umsjón: Jóney Hrönn Gylfadóttir,
 joney.hronn.gylfadottir@sam.stjr.is
Veffang samgönguráðuneytis:
www.samgonguraduneyti.is

¹ Mælikvarði skal miðast við meðaltal þriggja ára.